



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

**Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 8. október 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald (93.mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingar á lögum um bókhald.

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að draga skýr mörk á milli starfa endurskoðenda og skoðunarmanna. Hvað það varðar er afmarkaðri hugtakanotkun 6. gr. frumvarpsins af hinu góða. Þá eru hæfisskilyrði 7. gr. frumvarpsins jafnframt til bóta enda full þörf á að skoðunarmenn hafi ákveðna lágmarksþekkingu á málaflokknum. Að auki er augin minnihlutavernd í félögum, sjóðum og stofnunum skv. 4. gr. frumvarpsins jákvæð þróun.

Þá tekur undirritaður undir mikilvægi þess að heimila fyrirtækjum, sem ekki færa bókhald og semja ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum, að hafa texta ársreikninga á ensku eða dönsku. Í 1. og 3. gr. er kveðið á um slíka heimild en aðeins ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þrátt fyrir að þær ástæður séu ekki tæmandi taldar í frumvarpinu mætti kveða á um í texta greinargerðarinnar að ársreikningaskrá veiti frekari leiðbeiningar á þessu sviði og birti þær á vefsíðu RSK. Þar undir þyrftu t.a.m. að falla fyrirtæki í starfsemi sem krefst reglubundinna erlendra greiðslutrygginga hjá alþjóðlegum fyrirtækjum á því sviði. Slík fyrirtæki byggja ákvarðanir sínar um veitingu trygginga að miklu leyti á ársreikningum hinna íslensku fyrirtækja og það væri mikill þægindarauki ef þeim væri gert klefit að skila ársreikningum sínum á ensku til ársreikningaskrár.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands